



Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti

MS nám

hi.is/markadsfraedi_og_althjodavidskipti

Um námið

Í náminu er lögð áhersla á að byggja upp trausta fræðilega þekkingu á sviði markaðsfræða og alþjóðaviðskipta og færni í að beita henni við raunverulegar aðstæður. Rík áhersla er lögð á þekkingu á markaðsrannsóknnum, þjálfun í að kynnast því nýjasta á þekkingarsviðinu sem og fyrirliggjandi rannsóknnum til stuðnings ákvarðanatöku.

Skipulag námsins


Í náminu er lögð áhersla á að dýpka fræðilega þekkingu á sviði markaðsfræði og alþjóðaviðskipta. Lögð er áhersla á að byggja upp trausta fræðilega þekkingu á sviðinu og færni í að beita henni í raunverulegum aðstæðum.

Nám til MS prófs er 120 einingar hið minnsta, þar af 90 einingar í námskeiðum, auk MS-ritgerðar sem er að lágmarki 30 einingar. Miðað við fullan námshraða er námið fjögur misseri.

Að námi loknu

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi góða undirstöðu í markaðsfræði og geti að námi loknu tekist á við flókin stjórnunar- og sérfræðistörf á sviði markaðsfræði og/eða alþjóðaviðskipta. Dæmi um starfsmöguleika:

- Markaðssetning innanlands sem erlendis
- Stjórnunarstörf í stórum sem smáum fyrirtækjum
- Markaðsrannsóknir



Inntökuskilyrði

Forkröfur eru BA/BS-gráða, almennt þurfa nemendur að hafa lokið prófi með fyrstu einkunn (7,25). Nemendur eru valdir inn í námið með hliðsjón af fyrra námi og starfsreynslu, umsækjendur gætu þurft að fara í undirbúningsnám, áður en þeir fá inngöngu í MS-námið.

Inngangur að rekstri

Nemendur sem ekki hafa BS/BA í viðskiptafræði eða hagfræði í grunnnámi sínu, þurfa við upphaf námsins að ljúka undirbúningsnámskeiðinu VIÐ155M Inngangur að rekstri, samhliða öðrum námskeiðum á fyrstu vikum fyrsta haustmíssis. Námskeiðið samanstendur af sjö efnispáttum: aðferðafræði, rekstrarhagfræði, fjármál, reikningshald, lögfræði, upplýsingatækni, þjóðhagfræði. Námskeiðið er sérstaklega sniðið að þörfum meistaranemenda sem hafa tekið fá eða engin námskeið í rekstrarhagfræði og fjármálum í grunnnámi og er skyldunámskeið fyrir þessa nemendur. Í námskeiðinu eru fyrirlestrar haldnir á laugardegi og sunnudaginn á eftir er þreytt rafrænt próf úr efnispáttum fyrirlesturs og námsefnis. Þetta námskeið er ekki metið til eininga í MS náminu.

Lotunám

Meistaránám við Viðskiptafræðideild er kennt í lotum. Þannig er hvoru misseri skipt upp í tvær lotur og nemendur taka að jafnaði tvö námskeið í hvorri lotu (eða skila sambærilegri vinnu við lokaritgerð). Hver lota samanstendur af sjö kennsluvikum og einni viku fyrir námsmat og próf.



Meiri upplýsingar má nálgast á vefsíðu námsbrautarinnar, hi.is/markadsfraedi_og_althjodavidskipti

Viðskiptafræðideild

Gimli
við Sæmundargötu
101 Reykjavík
Sími 525 4500
nemFVS@hi.is
hi.is/vidskiptafraedideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD